



182. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 10. desember kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 12. lið; Erindi – Jón F. Benónýsson og Bryndísi Pétursson. Þá vakti oddviti vakti athygli á að ekki hefðu öll fundargögn borist á tilskyldum tíma og óskaði afbrigða til að taka viðkomandi dagskráliði til afgreiðslu þrátt fyrir það.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Gjaldskrár 2016
2. Viðauki við fjárhagsáætlun 2015
3. Fundargerð Fræðslunefndar frá 03.12.2015
4. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2016 og árin 2017-2019 – seinni umræða
5. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Ferðapjónustan á Narfastöðum
6. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Dalakofinn
7. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Stóru-Laugar
8. Kvennaathvarfið – umsókn um rekstrarstyrk
9. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026
10. Stofnsamningur HNP bs.
11. Fundaáætlun sveitarstjórnar
12. Erindi – Jón F. Benónýsson og Bryndís Pétursdóttir

1. Gjaldskrár 2016

Gjaldskrár fyrir árið 2016 lagðar fram til afgreiðslu með eftirfarandi breytingum:

Sundlaugin á Laugum – breyting, gjald fyrir fullorðna kr.700, öryrkjar og aldraðir kr. 300 og 10 miðar fullorðnir kr. 3.500. Fullorðnir 6 mán. kort kr. 14.000 og 12 mán. kort kr. 25.000.
Leiga á sundfötum kr. 350, á handklæði kr. 350. Nýtt, börn 10 miðar kr. 2.000 og öryrkjar 10 miðar kr. 2.000.
Sorphirðugjald – gjald hækkar um 10 %, fyrirtæki falla út

Rotþróarlausun – gjald hækkar um 4,5%
Tónlistarskóli – gjald hækkar um 4,5%
Félagsheimili – gjald hækkar um 4,5%
Útleiga á borðbúnaði og áhöldum félagsheimila – ný gjaldskrá
Seigla – ný gjaldskrá
Hitaveita – gjald hækkar um 10%

Flateyjarhöfn – gjald óbreytt
Leikskóli – gjald óbreytt
Daggæsla í heimahúsum – gjald óbreytt
Mötuneyti – gjald óbreytt
Vinnuskóli – gjald óbreytt
Hundahald – gjald óbreytt
Brunavarnir – gjald óbreytt
Heimaþjónusta – gjaldskrá óbreytt en fjárhæðir taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs
Skipulag- og byggingarmál o.fl. – gjaldskrá óbreytt en fjárhæðir taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins

Gjaldskrár 2016 samþykktar samhljóða að undanskilinni gjaldskrá hitaveitu, fulltrúar T lista greiddu atkvæði gegn þeirri gjaldskrá og mótmæltu hækkun á henni umfram vísitöluhækkun. Samþykktar gjaldskrár 2016 verða aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins að fundi loknum.

2. Viðauki við fjárhagsáætlun 2015

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun 2015:

- a) 00- Skatttekjur, hækkun tekna kr. 25.000.000,-
- b) 04- Fræðslumál, hækkun útgjalda kr. 17.000.000,-
- c) 13- Atvinnumál, hækkun útgjalda kr. 2.000.000,-
- d) Eignasjóður, hækkun viðhaldskostnaðar og endurbóta kr. 25.000.000,-

Hækkun skatttekna er vegna aukinna útsvarstekna, hækkun útgjalda í fræðslumálum er vegna launahækkana kennara og skólastjórnenda, hækkun útgjalda í atvinnumálum er vegna launaliðar í Seiglu – miðstöð sköpunar og hækkun í eignarsjóði vegna viðhaldskostnaðar og fjárfestinga við Þingeyjarskóla.

Oddvita lagði fram eftirfarandi bókun:

„Hluti af 25 m.kr. viðauka vegna framkvæmda við Þingeyjarskóla er til kominn vegna viðhaldskostnaðar en ekki að öllu leyti vegna samþykkrar kostnaðaráætlunar endurbóta. Viðhaldsframkvæmdir snúa að viðgerð á þaki, kælibúnaði vegna tjóns sem var tryggt auk almenns viðhalds samtals 14 m.kr. Okkur er þó ljóst að kostnaður vegna málningar- tölvu- og rafmagnsvinnu fór framúr samþyktri kostnaðaráætlun samtals 11 m.kr. Þetta eru verkþættir sem talið var hagkvæmt að fara í hvað kostnað varðar til lengri tíma litið. Fulltrúar A lista telja að framkvæmdir og viðhald við Þingeyjarskóla hafi tekist í alla stað mjög vel og bætt aðstöðu fyrir nemendur og kennara til mikilla muna.“

Heildarkostnaður við framkvæmdir í Þingeyjarskóla á Hafralæk árið 2015 er 62,5 m.kr.

Og skiptist svo milli verkþátta:

Almennt viðhald: 5.157.020

Trésmíði: 20.141.611

Rafþjónusta: 23.164.482

Pípulagnaþjónusta: 3.175.930

Blikksmíði: 90.873

Málning/gólf: 6.427.954

Múrverk/flísar: 393.568

Viðhald tækja: 3.944.576

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Fulltrúar T lista sitja hjá við atkvæðagreiðslu um viðauka við fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2015. Það er óviðunandi að fjáraustur til Þingeyjarskóla við Hafralæk fari svo gríðarlega fram úr áætlunum sem raun ber vitni. Fulltrúar T-lista minna á að þegar ákveðið var að flytja allt skólalald Þingeyjarskóla í starfsstöðina að Hafralæk var gert ráð fyrir að kostnaður endurbóta húsnæðisins yrði innan við tuttugu milljónir.“

Fulltrúar A lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Fulltrúar A lista ítreka að áætlaður kostnaður vegna framkvæmda við Þingeyjarskóla á Hafralæk var 37,5 m.kr. samþykkt meirihluta sveitarstjórnar á 172. fundi hennar þann 4. júní s.l.“

Sveitarstjórn samþykkir framlagða viðauka við fjárhagsáætlun 2015, með fimm atkvæðum fulltrúa A lista, hækkun útgjalda samtals að fjárhæð 19 m.kr. og að þeirri upphæð verði mætt með lántöku. Fulltrúar T lita sátu hjá.

3. Fundargerð fræðslunefndar frá 03.12.2015

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 3. desember s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

4. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2016 og árin 2017-2019 – seinni umræða

Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2015 og árin 2016-2019 lögð fram til síðari umræðu og afgreiðslu ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á milli umræðna. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni ásamt skrifstofustjóra sem mætti til fundarins undir þessum lið.

Í fjárhagsáætlun 2016 eru áætlaðar heildartekjur 954,7 m.kr. áætluð rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 40,7 m.kr. og rekstrarniðurstaða samstæðu, A og B hluta er jákvæð um 31,5 m.kr. og veltufé frá rekstri er 74,9 m.kr. Áætluð upphæð til fjárfestinga í A og B hluta er 63 m.kr. Handbært fé í árslok er áætlað 10,1 m.kr. Tekið verður nýtt lán á árinu 2016 að fjárhæð

100 m.kr. Í þriggja ára áætluninni, fyrir árin 2017-2019 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu A hluta og A og B hluta öll árin.

Með vísan í 3. gr. laga um tekjustofn sveitarfélaga nr. 4/1995, samþykkir sveitarstjórn að fasteignaskattur fyrir árið 2016 verði óbreyttur eða 0,625% í A flokki, 1,32% í B flokki og 1,65% í C flokki.

Sveitarstjórn samþykkir með vísan í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofn sveitarfélaga nr. 4/1995 að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2016 verði óbreytt eða 14,52%.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2016 og þriggja ára áætlun fyrir árið 2017-2019 með fimm atkvæðum A lista. Fulltrúar T lista sátu hjá .

5. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Ferðaþjónustan á Narfastöðum

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 30. nóvember s.l. þar sem Unnsteinn Ingason sækir um, sem forsvarismaður fyrir Ferðaþjónustuna á Narfastöðum, endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitingu veitinga á Narfastöðum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfis fyrir sitt leyti.

6. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Dalakofinn

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 2. desember s.l. þar sem Haraldur Bóasson sækir um, sem forsvarismaður fyrir Útibú ehf., endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu veitingu veitinga í Dalakofanum á Laugum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfis fyrir sitt leyti.

7. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Stóru-Laugar

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, 7. desember s.l. þar sem Elín Björg Einarsdóttir sækir um, sem forsvarismaður fyrir Stóru-Lauga ehf., endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitingu veitinga að Stóru-Laugum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfis fyrir sitt leyti.

8. Kvennaathvarfið – umsókn um rekstrarstyrk

Tekið fyrir erindi frá Margréti Marteinsdóttur, f.h. Samtaka um kvennaathvarf, dags. 26. nóvember s.l. Kvennaathvarfið óskar eftir rekstrarstyrk fyrir komandi starfsár að fjárhæð 150.000 kr.

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

9. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026

Fyrir fundinum liggur svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026 sem óskast lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Svæðisáætlunin inniheldur m.a. yfirlit yfir stöðu úrgangsmála í hverju sveitarfélagi um sig.

Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi svæðisáætlun en vekur athygli á að nýtt fyrirkomulag sorphirðu í sveitarfélaginu mun verða tekið í gagnid á árinu 2016 sem kallar á endurskoðun þess þáttar áætlunarinnar.

10. Stofnsamningur HNP bs.

Fyrir fundinum liggur stofnsamningur Héraðsnefndar Þingeyinga bs. um byggðasamlag í samræmi við ákvæði 4.kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi stofnsamning.

11. Fundaáætlun sveitarstjórnar

Tekin til umræðu fundaáætlun sveitarstjórnar, fjöldi funda eftir áramót og fram að sumarfríi 2016 eru áætlaðir tólf talsins og verða sem hér segir:

- 14. og 28. janúar
- 11. og 25. febrúar
- 10. og 31. mars
- 14. og 28. apríl
- 12. og 26. maí
- 9. og 23. júní

Samþykkt samhljóða.

12. Erindi – Jón F. Benónýsson og Bryndís Pétursdóttir

Tekið fyrir erindi frá Jóni F. Benónýssyni og Bryndísi Pétursdóttur, ódags. Þar sem óskað er eftir samstarfi við Þingeyjarsveit í nýsköpunarverkefninu „Laugar Lux“. North Aurora Guesthouse hefur hug á að opna norðurljósaböð í Sundlauginni á Laugum. Það sem liggur fyrir er að sækja um styrk til Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra til að styðja við verkefnið fyrstu mánuðina frá september 2016 til loka desember 2016.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að vinna málið í samráði við viðkomandi. Oddviti, Arnór Benónýsson tók ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis og vék af fundi.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 832. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- b) Fundargerð 177. fundar HNE

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:01

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Árni Pétur Hilmarsson

Heiða Guðmundsdóttir

Ragnar Bjarnason

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson